



Sýslumaðurinn á Vestfjörðum

Sími: 458 2400 - Netfang: vestfiridir@syslumenn.is - Veffang: www.syslumenn.is

Ísafirði, 3. maí 2021.

Nefndasvið Alþingis
netfang: nefnadasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um þingmál nr. 690 á 151. löggjafarþingi 2020-2021. Frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi (tímabundnir gestaflutningar og vanræksluálag).

Í ljósi þess að embættinu var sent sérstakt erindi frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis til umsagnar um ofangreint mál 15. f.m. þykir mega áréttta það sem áður hefur komið fram í tveimur umsögnum embættisins í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum www.island.is á sínum tíma. Var þar að meginstefnu til fjallað um hvað þau viðurlög skuli nefnast sem þeir skulu sæta sem ekki greiða tilskilin fargjöld sem frumvarp þetta tekur til

Var í téðum umsögnum vakin athygli á að tillaga um heitið vanrækslugjald væri ekki alls kostar heppileg þar sem það heiti væri þegar notað yfir viðurlög sem þeir sæta sem ekki færa ökutæki sín til skoðunar innan tilskilins tíma, sbr. 74. gr. [umferðarlaga nr. 77/2019](#) og 37. og 38. gr. [reglugerðar nr. 8/2009](#) um skoðun ökutækja, en embættið annast álagningu þess og innheimtu á landsvísu. Var þess í stað lagt til að þessi viðurlög yrðu nefnd fargjaldasekt.

Sjá má umsagnirnar og númer málanna hér [nr. S-207/202005.10.2020](#) og [nr.S-34/202104.02.2021](#)


Ekki hafa átt sér stað samskipti milli embættisins og þeirra sem komu að gerð þess frumvarps sem hér um ræðir. Í greinargerð með þessu frumvarpinu segir hins vegar (með skáletrun undirritaðs) : „Í umsögn sýslumannsins á Vestfjörðum var þeirri afstöðu lýst að notkun hugtaksins „vanrækslugjald“, sem lagt var til í frumvarpsdrögum sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda, gæti valdið ruglingi þar sem sama hugtak er notað yfir viðurlög fyrir að færa ekki ökutæki til lögmæltrar skoðunar. Embættið lagði til að þess í stað verði í lögum nr. [28/2017](#) notast við hugtakið „fargjaldsekt“. Brugðist var við umsögninni með þeim hætti að í frumvarpi þessu er notast við hugtakið „vanræksluálag“. (Stafavilla virðist hafa slæðst inn í framanritaðan texta en undirritaður nefndi hugtakið „fargjaldsekt“ í umsögnum sínum ekki „fargjaldsekt“).

Þótt lýst sé yfir ánægju með að litið hafi verið til ofangreindra ábendinga um að notast ekki við hugtakið vanrækslugjald þykir þó sem framkomin tillaga að heiti eða hugtaki sé ekki alls kostar heppileg eða lýsandi fyrir þá háttsemi sem því er ætlað að ná til. Skal þá m.a. haft í huga að telja verður líklegt að meirihluti þeirra sem ekki greiða fargjald sem frumvarpið tekur til geri það oftar af ásetningi en gáleysi eða vanrækslu.

Leyfir undirritaður sér því enn að áréttta þá skoðun sína að hugtakið fargjaldsekt nái best yfir þá háttsemi sem um ræðir (hugsanlega mætti nefna hugtakið fargjaldssekt). Jafnframt ætti ekki að skapast hætta á ruglingi við notkun þess og flestum ætti að vera ljóst til hvaða háttsemi það nær. Ekki er heldur kunnugt um nein rök sem mæla þessu gegn. Ef ekki verður á þetta fallist þykir

orðið fargjaldaálag þó heppilegra en vanræksluálag.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Jónas Guðmundsson', is centered on the page. The signature is fluid and cursive, with a large initial 'J' and 'G'.

Jónas Guðmundsson
sýslumaður